

From: Sigríður Magnúsdóttir
Sent: mánudagur, 5. október 2020
Subject: Meðhöndlun úrgangs vegna COVID-19

Góðan dag,

Ríkislögreglustjóri hefur nú fært almannavarnarstig af hættustigi á neyðarstig.

Ekki verður að sinni farið í sértækar ráðstafanir varðandi flokkun endurvinnsluefna líkt og gert var í vor þegar endurvinnsluefni var geymt í tvær vikur eða urðað. Hinsvegar er nú sem fyrr afar mikilvægt að viðhafa góðar verklagsreglur vegna smithættu af sorpi og meðhöndlun úrgangs til verndar því starfsfólki sem sinnir þessum mikilvægu störfum. Því beinir Umhverfisstofnun því til rekstraraðila að tryggt sé að

- Starfsfólk hafi aðgang að viðeigandi hlífðarbúnaði, aðstöðu til handþvotta og aðgang að sótthreinsispritti.- Notaðar séu viðeigandi persónuhlífar við meðhöndlun úrgangs, svo sem
 - einnota hanska þar sem þörf er á að snerta úrgang eða endurvinnsluefni
 - grímur og andlitshlífar þar sem möguleiki er á loftbornu smiti við meðhöndlun úrgangs
 - grímur þar sem ekki er unnt að tryggja 1 m fjarlægð milli starfsfólks
- Skipuleggja starfsemi þannig að tryggt sé að hún haldist órofin.
- Sótthreinsa sameiginlega snertifleti reglulega.
- Allur hlífðarbúnaður, s.s. einnota hanskar og grímur fer eftir sem áður í almennt sorp.

Allar spurningar og ábendingar eru velkomnar.

Bestu kveðjur, Best regards

Sigríður Magnúsdóttir

Sérfræðingur, Advisor

Svið efna, eftirlits og veiðistjórnunar, Department for Chemicals, Inspection and Wildlife Management

